

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, tilnefndir til 3ja ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Öryrkjabandalags Íslands og tveir af Samtökum aldraðra í Reykjavík. Tveir varamenn skulu einnig tilnefndir, einn frá hvorum aðila, til sama tíma. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 8. gr.

Sjóðstjórn semur árlega reikninga sjóðsins. Endurskoðendur Samtaka aldraðra endurskoða reikninga hans.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og á breytingum sem kunna að verða gerðar á henni, enda hafi þær verið samþykktar einróma af stjórn sjóðsins.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. nóvember 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík.

## 1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 krónur, sem Kvenfélagið Brautin, Bolungarvík, hefur að mestu lagt fram og er það ávaxtað í Sparisjóði Bolungarvíkur.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja barn í Bolungarvík, vangefið, fatlað, þroskaheft eða með sérþarfir af einhverju tagi, eitt í senn eða fleiri, eftir nánari reglum, sem stjórn sjóðsins setur.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Formaður Kvenfélagsins Brautarinnar, sóknarpresturinn í Bolungarvík og einn maður úr bæjarstjórn Bolungarvíkur, kosinn til 4ra ára í senn. Verði Kvenfélagið Brautin lagt niður, útnefni bæjarfógetinn í Bolungarvík konu búsetta í Bolungarvík sem þriðja stjórnanda sjóðsins. Stjórnin heldur gerðabók og færir reikninga sjóðsins. Þeir fylgja bæjarreikningum Bolungarvíkurkaupstaðar til endurskoðunar og samþykktar.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal jafnan ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur. Hætti hann störfum eða líði undir lok, ákveður stjórn hans hvar hann skuli ávaxtaður eftirleiðis.

## 5. gr.

Allir vextir sjóðsins, gjafir og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann hefur náð þeirri upphæð, að stjórnin telji vextina nægja til þess að veita sómasamlegan styrk úr sjóðnum. Ákveður hún þá hvaða barn sjóðurinn skuli styrkja. Eflist sjóðurinn svo að vextir hans dugi til þess að styrkja fleiri en eitt barn, tekur stjórnin sömuleiðis ákvörðun um það.